

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arnarlax ehf. Fossfjörður í Arnarfirði



Dags eftirlits	12.12.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristinsdóttir
Fyrirtæki	Arnarlax ehf.	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Strandgötu 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	580310-0600	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Silja Baldvinsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu sem snýr að upplýsingaskyldu rekstraraðila en engin ábending var sett fram.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða sjókvíaeldi Arnarlax í Fossfirði, Arnarfirði. Starfsleyfið tekur til sjókvíaeldis þar sem heimilt er að framleiða allt að 3.000 tonnum af laxi á einu almanaksári með þeim takmörkunum að hámarksframleiðsla á hverjum þremur árum skal samtals vera 4.500 tonn. Lífmassi á hverjum tíma skal ekki fara yfir 3.000 tonn.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti, frávik og úrbætur
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Umfang 2021
- Útsetningar, slátrun og hvíld svæða
- Staðsetning eldissvæða, stöðvarskírteini og færsla kvíastæða
- Úrgangur, spilliefni og lyf
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Beiting stjórnvaldssekta
- Skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017

Farið var yfir starfsleyfið í eftirlitinu. Engin frávik komu fram við eftirlit árið 2021.

Framleiðslumagn var 1.724 tonn sem er innan leyfilegs magns og lífmassi á hverjum tíma var innan marka starfsleyfis. Ekki var slátrað í Fossfirði árið 2021 en áætlað var að hefja slátrun um miðjan september 2022. Útsetning seiða í Fossfjörð er áætluð í maí – júní 2023.

Farið var yfir áhættumat 2022 fyrir tíðni eftirlits 2023.

Heimild til beitingar stjórnvaldssektar var kynnt fyrir rekstraraðila.

Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laganna. Umhverfisstofnun fór ítrekað fram á að fá upplýsingar vegna eftirlitsins sendar. Rekstraraðili veitti ekki upplýsingar þegar eftir þeim var óskað, sbr. 3 mgr. 62. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengnarvarnir og gr. 4.2 í starfsleyfi. Upplýsingar bárust eftir ítrekaða ósk stofnunarinnar í tölvupósti þann 22. desember s.l.

Fóðurgjöf er dælt sjálfvirkt frá pramma út í kvíarnar.

Heildarlosun fosfórs var 7,6 kg/tonn árið 2021 sem er undir hámarks leyfilegri losun skv. starfsleyfi, sem er 20,0 kg/tonn.

Dauðfiskur er fluttur í land og settur í maurasýru til meltugerðar síðan sendur í endurvinnslu.

Ársyfirlit með niðurstöðum mælinga barst Umhverfisstofnun fyrir 1. maí s.l.

Farið var út í kvíar, meðhöndlun úrgangs og spilliefna var í samræmi við starfsleyfi. Í skoðunarferð sáust hvorki fugl né marglyttur við kvíarnar.

Frávik frá**Lýsing á fráviki**

3 mgr. 62. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengnarvarnir og gr. 4.2 í starfsleyfi.

Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laganna. Rekstraraðili veitti ekki upplýsingar þegar eftir þeim var óskað. Upplýsingar bárust eftir ítrekaða ósk stofnunar og er fráviki því lokað.

ÁBENDINGAR

Engin ábending var sett fram.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 19.01.2023

Sigr. Kristinsd

Sigríður Kristinsdóttir

